

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Krabbameinsvarnarsjóð Ísfirðinga“, 9
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. janúar 1950. 21. jan.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Krabbameinsvarnarsjóð Ísfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Krabbameinsvarnarsjóður Ísfirðinga, og er stofnaður 1949 af bæjarstjórn Ísafjarðar með 1000 — eitt þúsund — krónum.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar krabbameinsvarnir, eftir því sem ástæður leyfa á hverjum tíma.

Hér undir heyrar:

1. Styrkur til útbreiðslustarfsemi, er upplýsi fólk um eðli krabbameins og varnir gegn því.
2. Styrkir til kaupa á tækjum til rannsókna og lækninga á krabbameini.
3. Styrkir til ferðalaga og lækninga sjúklingum, sem þess þurfa með, enda beri eigi öðrum aðilum að standa straum af þeim kostnaði.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af sölu minningarspjalda, sem sjóðstjórnin gefur út, sem og tekjur af minningargjöfum og öðrum gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en vaxtatekjum og öðrum tekjum má úthluta á hverjum tíma eftir þörfum, enda skal það fé jafnan vera handbært.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar skriflega til formanns sjóðstjórnar, og skal, þegar um styrk til sjúklinga er að ræða, fylgja vottorð frá hlutaðeigandi lækni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: héraðslæknirinn á Ísafirði, og skal hann vera formaður, formaður stjórnar Sjúkrasamlags Ísafjarðar, en þegar sjúkrasamlagið verður lagt niður tekur formaður heilsugæzlunefndar sæti hans. Þriðji maður sjóðstjórnarinnar skal vera sóknarpresturinn á Ísafirði.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins gerðir upp í lok hvers árs, og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga bæjarsjóðs Ísafjarðar, eigi síðar en í febrúarlök ár hvert.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.